

Evróvisjón framar Alþingi

Þrátt fyrir litlar framfarir Evróvisjónkeppninnar í gegnum árin hefur einu fleygt fram: lýðræðislegum vinnubrögðum. Fólkið fær að kjósa sér lög.

Framfarir eru nú ekki beint að slíga keppnina,“ sagði ágætur félagi minn um Evróvisjónkeppnina eftir að hafa horft á undanúrslit á miðvikudag. Það er mikið til í þessum orðum.

Lengi hefur verið til á heimili foreldra minna upptaka af Evróvisjónkeppninni 1987 þegar Írinn Johnny Logan bar sigur úr þýtum með laginu *Hold me now*. Einnhverra hluta vegna hefur aldrei verið tekið yfir þessa keppni, enda hin mesta skemmtun. Framlag Íslendinga þetta ár var lagið *Hægt og hljótt* eftir Valgeir Guðjónsson í flutningi ungrar söngkonu, Höllu Margrétar. Þrátt

VIÐHORF

Eftir Eyrúnu Magnúsdóttur

eyrun@mbl.is

fyrir að ná ekki ofar en í þriðja sæti varð ítalska lagið *Gente di Mare* með Umberto Tozzi geysivinsælt í kjölfar keppninnar. Þá slógu í gegn þetta árið hinir viðkunnalegu Ísraelar Datner & Kushnir sem fluttu lagið *Shir Habatlanim*, eða „Hubba Hulle“ og höfnuðu á áttunda sæti.

Spólan með '87 keppninni fannst að mig minnr nokkrum árum eftir keppnina. Strax þá var hún orðin asnaleg áhorfs. Búningarnir, hárið, lögin, sviðsframkomman... allt til þess fallið að skemmta sér yfir því og hlæja þar til magaverkir eru orðnar óbærlegir.

Nú er árið 2004 en Evróvisjónkeppnin virðist standa í stað. Sami gamli lummulegi stíllinn á þessu öllu. Svo yndislega hallærisleg er þessi keppni í heild sinni að unun er að fylgjast með. Þegar nútíma Evróvisjón er borin saman við Evróvisjón frá 1987 sést vel hversu hallærisyf-irbragðið hefur haldist. Þegar ég horfði á '87 keppnina t.d. árið 1997 þá hélt ég að það sem ég sá á skjánum hefði virkilega þótt töff áratugi fyrr. Loks hefur mér skilið að Evróvisjónkeppnin er tímalaus. Evróvisjón hefur aldrei verið í tísku.

Einhverjar breytingar hafa orðið á keppninni á undanförunum árum. Sú jákvæða breyting var gerð árið 1998, ef ég man rétt, að dómnefndir voru lagðar niður og þess í stað tekin upp símakosning. Nýja kosningakerfið er auðvitað betur til þess fallið að skapa stemmningu því fólkinu sem horfir á finnst það hafa eitthvað um úrslitin að segja. Dómnefndirnar gömlu voru alveg eins líklegar til að velja lög sem fólki skyldi bara gjöra svo vel og líka við. Oft hrútleigin lög sem valin voru meira vegna listræns gildis en skemmtanagildis. Ekki það sem pöpuillinn *vildi* hlusta á, heldur það sem dómnefndunum fannst að hann *ætti* að vilja hlusta á. Lög sem hann hefði gott af að hlusta á.

Dómnefndirnar í Evróvisjón voru eiginlega nokkurs konar allsherjarnefndir. Nefndunum var falið að meta lögin og ákveða hver þeirra komust áfram í keppninni og hver ekki. Allsherjarnefnd Al-

þingis Íslendinga hefur einmitt staðið í því undanfarið að meta lög. Nefndin hefur staðið í ströngu við að leggja mat á það hvort lög um fjölmiðla eigi að komast áfram í gegnum þingið. Mat meirihlutans var það að málinu skyldi troðið í gegn sem fyrst, áður en fólki gæfist ráðrúm til að átta sig á annmörkum laganna. Í Evróvisjón dómnefndunum var enginn meirihluti og minnihluti. Hver nefnd varð að senda frá sér eindóma álit á því hvaða lög ættu að fá tólf stig, hver ættu á fá eitt stig og hver ekkert.

Hjá allsherjarnefnd ríkir ekki sami einhugurinn. Þar skilar hvor hluti nefndarinnar sínu álit á fjölmiðlalögum. Meirihluti skilaði fyrst og svo minnihluti, þar sem minnihluti vissi ekki um breytingartillögur meirihluta fyrr en á síðustu stundu að því er virðist. Nefndarafgreiðsla á fjölmiðlafrumvarpi, sem óþarft er að tíunda frekar, er öll hin undarlegasta. Leynimakkið í kringum hana er eiginlega miklu hallærislegra en Evróvisjón. Hins vegar efast ég ekkert um að makkið er tímalaut eins og Evróvisjónkeppnin. Þetta er ábyggilega ekki eitthvað sem þingmenn nútímans fundu upp, heldur hafa þeir lært það af fyrirrennrum sínum.

Þrátt fyrir litlar framfarir Evróvisjónkeppninnar í gegnum árin hefur einu fleygt fram: lýðræðislegum vinnubrögðum. Fólkið fær að kjósa sér lög.

Leynimakk dularfullra allsherjardómnefnda löst ekki lengur í Evróvisjón. Fólkinu í þátttökulöndunum, áhorfendunum sjálfum, er ætlað raunverulegt hlutverk í ákvörðunum um hvaða lög komast áfram í keppninni og hver ekki.

Áhorfendum á íslensk stjórnmál er ekki ætlað hlutverk. Pöpuillinn getur bara gjört sér að góðu þau lög sem Alþingi setur þeim. Fólkinu á að líka við þau lög sem allsherjarnefndinni eru þóknaleg. Enda skilur meirihluti nefndarinnar ekkert í öllu fárinu. Virðist ekki skilja að pöpuillinn vilji fá að gera athugasemdir við fjölmiðlalögin og hugsanlega fá einhverju um það ráðið hvort hann þarf að beygja sig undir þau eða ekki.

Minni mitt nær ekki svo langt aftur að ég geti borið það saman hversu hallærislegar starfsaðferðir nefnda Alþingis voru árið 1987 miðað við hvernig þær eru núna. En vegna þess hve oft ég hef horft á þessa myndbandsupptöku af Evróvisjónkeppninni frá því ári á ég auðvelt með að bera hana saman við keppnina í ár. Alltaf skal þessi keppni vera jafnhallærisleg og alltaf jafnskemmtileg. Hins vegar er ekkert skemmtilegt við það þegar alþingismenn setja sig í sæti allsherjardómara sem vita hvað þjóðinni er fyrir bestu. Á meðan þjóðin starir á sjónvarpsskjáinn og fylgist með umræðum, eða einræðum, um fjölmiðlalögin á Alþingi og hugsar *un point* hrópa hróðugir stjórnskipingmenn allir nema einn *douze points!*

Bókvit og asnar

LEIKLIST

Leikfélag Reykjavíkur

DON KÍKÓTI

Sýning byggð á leikgerð Micháils Búlgakovs á sögu Cervantesar, þýðing: Jón Hallur Stefánsson. Leikstjóri: Guðjón Pedersen, leikmynd: Grétar Reynisson, búningar: Stefania Adólfssdóttir, lýsing: Lárus Björnsson, leikgerfi: Sóley Björt Guðmundsdóttir, hljóð: Ólafur Thoroddson. Leikendur: Bergur Þór Ingólfsson, Björn Ingi Hilmarsson, Edda Björg Eyjólfssdóttir, Guðmundur Ólafsson, Halldór Gylfason, Halldóra Geirharðsdóttir, Hanna María Karlsdóttir, Jóhanna Vigdís Arnardóttir og Theodor Júlíusson. Borgararleið 13. maí.



Morgunblaðið/Jim Smart

„Framganga aðalleikaranna gerir hana þó að viðburði sem vel er þess virði að sjá,“ segir m.a. í umsögninni.

ur ekki sterkari áhrif en raun ber vitni er sú leið sem farið er, að gera alla þá sem á vegi þeirra Kíkóta og Sansjó Pansa verða eins afkáralega og kostur er. Kunnugleg stíllögð leikstjórans, sem oft skila eftirtektarverðum áhrifum, vinna hér gegn inntaki verksins. Þetta á jafnt við um heimilisfólk og vini riddarans og fólk sem þeir hitta á ferðum sínum. Stundum tekst að skapa með þessu myndni, en það verður óneitanlega á kostnað þess að skapa spennu milli raunveruleikans og hugsýnar riddarans. Ég er ekki að biðja um raunsæi, aðeins um innlifun og íróniúlausa afstöðu leikaranna til persóna sinna. Eina skýra dæmið um slíkt er Dúlína Hönnu Maríu Karlsdóttur, sem þó er skopferð mjög. Atriðið þar sem Kíkóti biður hana forláts á framkomu sinni við hana verður fyrir vikið eitt fallegasta atriði sýningarinnar. Það er líka eitt það myndnasta, sem er ekki þverstæða eins og Cervantes hefði verið fullkunnugt um.

Gagnrýnilaus afstaða sýningarinnar til aðalpersónunnar gerir hana trúlega minna áhugaverða en ella hefði orðið. Engu að síður er það túlkun hennar sem er það eftirtektarverðasta við sýninguna. Halldóra Geirharðsdóttir leysir þetta verkefni með stökum glæsibrag. Það sem kemur dálítið á óvart er hvað kynferði hennar (eða persónunnar) skiptir gersamlega engu máli í upplifun áhorfandans. Afrek hennar er ekki hve vel henni tekst að leika karlmann, heldur hve sönn, áreynslalaus og falleg innlifun hennar í þessa tilteknu persónu er. Halldóra er algerlega trú Kíkóta, sýnir okkur hve kostulegur hann er í villu sinni, hve sterkur í sannfæringu sinni og hlýr í hugsjón sinni. Afstaða sýningarinnar takmarkar svigrúm Halldóru til að sýna fleiri fleti á persónunni, og leikgerðin gerir henni erftitt fyrir með að sýna þróun hennar. Fyrr en í lokin þegar riddarinn er loksins tilbúinn að draga lærdóma af ferð sinni. Lokaatriðið er sterkt eftir

ansi hæggengan og gloppóttan síðari hlutann.

Bergur Þór Ingólfsson er líka magnaður Sansjó Pansa, þótt ólögleg gerviðstran þvældist fyrir honum (eða allavega mér). Bergur hefur marga sömu eiginleika og Halldóra. Fallaga nærveru, innlifun og ótæmandi möguleika á að koma áhorfendum á óvart með smæstu athöfnum eða áherslum, sem alltaf eru samt sannar. Samleikur þeirra er það besta við sýninguna.

Aðrir leikarar hafa úr litlu að móða og skrápaleiðin takmarkar enn möguleika þeirra. Edda Björgu Eyjólfssdóttur varð ekki mikið úr Antoníu systurdóttur riddarans og gerði dæmigerða glyðru úr þjónustustúlku á krá. Björn Ingi Hilmarsson tekur sig vel út í prestsgervi, en að gera kráareigandann að dæmigerðum sviðshomma er ekkert nema banalt. Guðmundur Ólafsson nær heldur ekki að draga rakarann upp úr klisjuferinu, og það sama má segja um ráðskonu Jóhönnu Vigdísar Arnardóttur og hertoga Theodórs Júlíussonar. Halldór Gylfason gerir hinn sprenglæra vonbiðil Samson að fallegum manni, en þarf að gæta að framsögninni í þessu erfiða rými.

Leikmynd Grétars Reynissonar ber höfundareinkenningu hans og virkar vel í stemmingsríkri lýsingu Lárusar Björnssonar. Þó fannst mér staðsetning hins annars fallega vindmylluatriðis draga úr áhrifum þess. Búningur Stefaniu Adólfssdóttur á aðalpersónurnar eru flottir, en aðrir hafa á sér yfirbragð samtínings.

Sýning Leikfélags Reykjavíkur á Don Kíkóta er áhugaverð en ekki hrifandi, áferðarfallæg en ekki sterk, og afgerandi afstaða aðstandendanna rýrir áhrifamatt sögunnar. Framganga aðalleikaranna gerir hana þó að viðburði sem vel er þess virði að sjá.

Þorgeir Tryggvason

Útskriftarsýning LHÍ

ÚTSKRIFTARSÝNING nemenda Listaháskóla Íslands verður opnuð í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, kl. 14 í dag, laugardag. Þar verða til sýnis verk nemenda úr myndlistardeild og hönnunar- og arkitektúrdeild. Áður en sýningin verður formlega opnuð verður tiskusýning fyrstu útskriftarnemenda úr fata- og textílhönnun kl. 13.30. Af því tilefni kemur hingað hópur fólks frá London, París og New York, sérstaklega í þeim tilgangi að sjá tiskusýninguna. Þetta eru aðallega blaðamenn og ljósmyndarar frá ýmsum tímaritum og blöðum eins og Herald Tribune, Numero, Flash Art, Sunday Times Magazine, Purple og fleiri. Einnig kemur áhrifafólk í tiskuheiminum eins og Marc Ascoli sem er ráðgjafi og stílisti hjá stórum tiskuhúsum og Martine Sitbon sem er mjög virtur hönnuður í París. Þessir gestir verða viðstaddir opnun á Útskriftarsýningu



Ljósmynd/Sóla

Nemar úr myndlistar- og hönnunardeild sem verk eiga á sýningunni.

Listaháskólans. Verk nemenda á sýningunni eru afrakstur þriggja ára náms við Listaháskólann þar sem markmiðið hefur verið að skapa nemendum aðstöðu til að mennta sig sem listamenn og gera þá reiðubúna til að takast á við víðtæk viðfangsefni á skapandi og gagnrýninn hátt með forvitni, áráðni og framsækni að leiðarljósi.

Boðið er upp á leiðsögn fyrir hópa alla virka daga kl. 9-14 og munu nemendur veita gestum innsynn í verkin sín. Þanta þarf leiðsögn í s: 590 1200 eða á netfangið fraedsludeild@rvk.is. Einnig er leiðsögn um sýninguna alla sunnudaga kl.15. Sýningin stendur til 31. maí. Opin daglega frá 10-17. Aðgangur er ókeypis. Sýningin er í samvinnu við Listasafn Reykjavíkur.